



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands

49. árg. desember 2023 nr. 132





Hvatning

Sýnum dreglyndi og verum einlægar í vináttu
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu
Sýnum í verki skilning og friðarvilja
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar með sæmd
og ábyrgðartilfinningu

Markmið

Að vinna að bættri stöðu kvenna
Að gera háar kröfur til siðgæðis
Að vinna að mannréttindum öllum til handa
Að vinna að jafnrétti, þróun og friði, fyrir tilstuðlan
alþjóðlegs skilnings og velvildar
Að vinna að meiri sjálfbærni í umhverfismálum
í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi

Áherslur

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:

Að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi
og á alþjóðavettvangi
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna í þjóðfélaginu
Að fjölga klúbbfélögum
Að vinna að markmiðum Alþjóðasambands
Soroptimista og Landssambandsins

Ritnefnd:



Guðný S.
Þorsteinsdóttir



Kristín Árnadóttir



Magdalena Berglind
Björnsdóttir



Sigríður B. Aadnegard



Sigrún Þórisdóttir

Fregnir er málagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni á netfangið fregnir@soroptimist.is

Forsíðumynd: Sigríður B. Aadnegard

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Kæru systur!

Aðventan er gengin í garð; undirbúningstími fyrir það sem framundan er og flestum kærkomin. Þessi tími einkennist af þrá eftir birtu og yl, enda umlykur myrkríð okkur og dagarnir eru stuttir. Landsmenn bregðast við með því að tendra ljósaskreytingar á húsum sínum og heimilum, bæir og byggðir eru lýstar upp með götuskreyingum og jólatrjáum, fólk vitjar leiða ástvinna með lifandi ljósum og upplýstum krossum og við kveikjum á kertum og aðventukrönsum, en ljósloginn er boðberi friðar og fegurðar. Og einmitt núna hafa systur í ritnefnd Fregna lagt lokahönd á jólablaðið okkar, sem er nr. 132 í röðinni og þið fáið hér með að berja augum.

Skáldið Hákon Aðalsteinsson tjáði aðventutilfinningar sínar í fallegum versum í kvæðinu Aðventa, en þau höfðu sannarlega til okkar á þessum tíma:

*Vökvaðu kærleikans viðkvæmu rós,
þá veitist þér andlegur styrkur.
Kveiktu svo örliðið aðventuljós,
þá eyðist þitt skammdegismyrkur.*

Kærleikur og umhyggja fyrir öðrum er allt umvefjandi í störfum okkar eins og hvatning Soroptimista gefur til kynna; „Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu“, „Sýnum í verki skilning og friðarvilja“. Og markmiðin eru m.a. „Að vinna að jafnrétti, þróun og friði, fyrir tilstuðlan alþjóðlegs skilnings og velvildar“.

Í jólablaðinu eru greinar ritaðar af systur sem sannarlega fela í sér kærleiksverk og þjónustu í þágu þeirra sem miður standa. Ber að þakka öllum sem lagt hafa hönd á plóg. Fyrst skal nefna vandaða grein forseta okkar, Sigrúnar Þorgeirsdóttur, en meginmálið er Roðagyllum heiminn; sextán daga átakið í baráttunni gegn ofbeldi á konum og stúlkum. Aðgerðir Soroptimista um land allt eru til fyrirmyndar og virðist áhuga þeirra og dugnaði engin takmörk sett. Slagorðið „þekktu rauðu ljósin“ er sterkt og afgerandi og getur skipt sköpum í lífi þolenda og aðstandenda þeirra.

Fleiri greinar koma inn á kærleika og birtu. Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar og Keflavíkur stóðu fyrir vinkvennakvöldum, þar sem gestir voru vinkonur klúbbsystra. Þar var ómæld vinna innt af hendi við að kynna starfsemi klúbbanna og veita hinn besta beina.

Í hrífandi frásögn Soroptimistasystra í Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbsi „Dásendar samvera í fallegum jólaanda“, er því lýst þegar 50 ára afmæli klúbbsins var fagnað og framandi veisluréttir voru í boði ásamt menningarviðburðum. Jólaandinn sveif einnig yfir vötnum á jólafundum Soroptimistaklúbbs Grafarvogs.

Soroptimistaklúbbur Skagafjarðar sendi frásögn og mynd af inntöku nýrra systra og er slíkt ætíð fagnaðarefni.

Að lokum segja sendifulltrúar okkar frá sögulegum fundi í Bratislava, sem 44 sendifulltrúar auk stjórnarkvenna, starfsmanna og gesta tóku þátt í. Við það tækifæri fékk systir okkar, Hafdís Karlsdóttir í Soroptimistaklúbbsi Kópavogs, forsetakeðjuna afhenta en hún tekur við embætti nú um áramótin. Það er sómi að Hafdís sem kynnti sig glæsilega og Ísland um leið.

Við þökkum öllum systur sem hafa lagt lið með greinum og myndum.

Enn yrkir Austurlandsskáldið:

*Það ljós hefur tindrað um aldir og ár,
yljað um dali og voga.
Þó kertið sé lítið og kveikurinn smár,
mun kærleikur fylgja þeim loga. (HA).*

Megi ljós aðventu og jóla ylja ykkur og fjölskyldum ykkar, kæru systur, með kærleikslogum og færa ykkur öllum gleðilega jólahátíð, farsæld og blessun á komandi ári.

Með hlýjum kveðjum frá ritnefnd Fregna.



Kæru systur!

Sextán daga átakið í baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum og stúlkum, Roðagyllum heiminn, hófst 25. nóvember og árangurinn af starfi Soroptimistasystra undanfarnar vikur er stórkostlegur. Á lokadegi átaksins, 10. desember, kom stjórn Landssambandsins saman í Hamraborginni og afhenti styrki frá Soroptimistasysturum til Bjarmahlíðar, þolendamiðstöðvar á Akureyri, og Kvennaathvarfsins á Akureyri.

Frá upphafi átaksins var hægt að fylgjast með aðgerðum Soroptimistasystra í tengslum við átakið um allt land. Opinberar byggingar, kirkjur og fyrirtæki voru roðagyllt og myndir af þeim birtust daglega í fréttum og á samfélagsmiðlum. Á hverjum degi var kynningarefni sett inn á opnu Fésbókarsíðuna okkar, Soroptimistar Ísland, um mismunandi birtingarmyndir ofbeldis gagnvart konum og stúlkum og hvernig megi berjast gegn því. Talskonan okkar, Sigríður Kristín Gísladóttir í Austurlandsklúbbi og verkefnastjórar Landssambandsins, Anna Hugrún Jónasdóttir í Kópavogsklúbbi og Rannveig Thoroddsen í Bakka- og Seljaklúbbi, báru hitann og þungann af því verkefni. Einnig birtu nokkrar systur greinar í dagblöðum og bæjarblöðum.

Á nokkrum stöðum fóru Soroptimistasystur í ljósagöngu og skipulögðu fundi þar sem haldin voru erindi sem tengjast baráttunni gegn ofbeldi. Aðrar systur útbjuggu appelsínugul spjöld með upplýsingum um átakið okkar og festu á innkaupakerrur í stórmörkuðum. Margir klúbbar seldu roðagylltar vörur þessa daga, t.d. blóm, innkaupapoka, kerti, kort og trefla. Einnig var selt bakkelsi með appelsínugulu kremi í bakaríum til að vekja athygli á áttakinu. Afraksturinn rennur til aðila eins og Sigurhæða, Stígamóta, Rótarinnar og Aflsins og svo að sjálfsgöðu til þeirra aðila sem við styrktum á Akureyri. Á meðan áttakinu Roðagyllum heiminn stóð

mættu Soroptimistasystur á fundi í roðagylltum fatnaði og birtu myndir af sér á samfélagsmiðlum til að vekja athygli á áttakinu.

Slagorð átaksins var áfram þekktu rauðu ljósin og í ár var sérstök áhersla á geðheilbrigði og mikilvægi þess að hlúa að andlegri heilsu til að verjast ofbeldi af ýmsu tagi. Helstu einkenni sex tegunda ofbeldis voru kynntar á skýran hátt. Hér er um að ræða andlegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, stafrænt ofbeldi og ofbeldi eltihrellis. Þetta eru rauðu ljósin sem við viljum vekja athygli á og það hefur svo sannarlega tekist vel í ár. Soroptimistasystur á Íslandi geta verið stoltar af sínu framlagi til baráttunnar gegn ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á Íslandi. Það munar um okkur í því að vekja athygli á baráttunni gegn ofbeldi og einnig í stuðningi við konur og stúlkur sem hafa verið beittar ofbeldi.

Í desember eru haldnir jólafundir þar sem við njótum samveru og góðra veitinga á aðventunni. Hefðir á jólafundum klúbba eru margvíslegar og það er gaman að fréttu af þeim venjum sem hafa þróast í kringum jólafundina í gegnum tíðina. Soroptimistasystur geta notið samfundanna á aðventunni að loknu góðu verki og síðan tókum við upp þráðinn af fullum krafti á nýju ári. Við getum einnig hlakkað til samverustunda á komandi ári eins og á Landssambandsfundum í apríl á Akureyri, á Norrænum vinadögum í Kaupmannahöfn í lok ágúst og á afmælishátíðinni í byrjun október í Reykjavík. Ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með kærum þökkum fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða.

*Sigrún Þorgeirsdóttir,
Forseti Soroptimistasambands Íslands*

Fanney Kristjánsdóttir

† MINNING

Fanney Kristjánsdóttir fæddist í Reykjavík 28. júní 1963.
Hún lést þann 17. september 2023.

Fanney var stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Grafarvogs, sem stofnaður var þann 3. september 1994. Hún sinnti margvíslegum verkefnum innan klúbbsins og gaf kost á sér í velflest embætti hans. Hún var meðal annars annar formaður klúbbsins 1995 - 1997 og gegndi stöðu fulltrúa margoft, síðast á tímabilinu 2020 - 2022. Einnig tók hún að sér nefndarstörf hjá Landssambandinu.



Fanney var nákvæm og samviskusöm og var ávallt tilbúin til að deila þekkingu sinni og reynslu til klúbbsystra. Það var einstaklega gott að vinna með Fanneyju, hún hafði svo ljúfa og góða nærveru og fylgdi því jafnframt eftir að verkefni væru faglega unnin og í samræmi við starfsvenjur Soroptimista. Fanney vann störf sín með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

Grafarvogssystur eiga góðar minningar frá samverustundum sínum með Fanneyju og eru þakklátar fyrir samfylgdina.

*Margt ég vildi þakka þér
og þess er gott að minnst
að þú ert ein af þeim sem mér
þótti gott að kynnst.*

Höfundur: Guðrún Jóhannsdóttir

Við vottum fjölskyldu og vinum Fanneyjar okkar innilegustu samúðarkveðjur.

*Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Grafarvogs,
Kristín S. Björnsdóttir, formaður.*



Nýjar systur í Skagafjarðarklúbbi

Nóvemberfundur Soroptimistaklúbbs Skagafjarðar var haldinn í Kakalaskála við Kringlumýri.

Á fundinum bættust 3 nýjar systur í klúbbinn, Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir bóndi, Kolbrún Þórðardóttir kennari og Helga Jónína Guðmundsdóttir deildarstjóri starfmannahalds. Klúbbsystur buðu þær velkomnar með appelsínugulum rósum og að sjálfsögðu nælunni góðu.

Á myndinni má sjá, auk nýju systranna, Helgu Friðbjörnsdóttur, Þorfinnu Lydíu Jósafatsdóttur og Árný Lilju Árnadóttur, meðmælendur.

Við bjóðum nýjar systur innilega velkomnar í hópinn.

*Árný Lilja Árnadóttir ritari
Soroptimistaklúbbs Skagafjarðar*



Jólahelðir klúbba

- Grafarvogsklúbbur

Jólafundir Soroptimistaklúbbs Grafarvogs eru oftast haldnir í heimahúsi og er þá ein klúbbsystir sem býðst til að halda fundinn. Það hafa þó verið undantekningar á þessu þar sem jólafundurinn hefur verið haldinn í Borgum í Grafarvogi og árið 2020 var jólafundurinn fjarfundur á Teams vegna aðstæðna í þjóðfélaginu það árið, þegar ekki var hægt að hittast vegna Covid 19.

Dagskrá jólafundar hefur verið hefðbundin í gegnum árin. Boðið er upp á jólahlaðborð þar sem borðið svignar undan hátíðarmat. Systur koma með jólapakka og jólaguðspjallið er lesið. Oft las Fanney Kristjánsdóttir (1963 – 2023) það. Árlega er líka lesin jólasaga. Sigurbjörg Hjörleifsdóttir klúbbsystir okkar leiðir söng og sem dæmi má nefna að árið 2019 var sunginn textinn „Hin fyrstu“ jól eftir Ingibjörgu Þorbergs. Ein jólin sögðu systur frá jólas krauti sem þær komu með og önnur jól lásu systur málshætti úr málsháttarkökum sem þær fengu.

*Sigríður Sveinsdóttir,
Soroptimistaklúbbi Grafarvogs*



Jólaboð heima hjá Elínborgu Bjarnadóttur árið 2017



Myndin Jólakveðja eftir Grétu Gísladóttur var á jólakorti sem systur seldu árið 2011 og rann allur ágóði af sölunni til líknarmála.



Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar stóð fyrir glæsilegu vinkvennakvöldi í Hlégarði þann 12. október sl.


Kvöldið hófst með hefðbundnum hætti þar sem Guðlaug Ragnarsdóttir formaður setti fundinn og sagði gestum frá því hvað Soroptimistar standa fyrir, því næst var kveikt á kertum og lesin markmið og hvatning. Jóhanna Valdís Torfadóttir verkefnastjóri tók í framhaldi við fundinum sem veislustjóri kvöldsins.

Undirbúningur fyrir viðburðinn hófst í byrjun sumars þegar systur fóru á stúfana að finna hentugt húsnæði og leiða hugann að dagskrá.

Mosfellssveitar klúbburinn hefur ekki haldið vinkvennakvöld í fjölda ára og leið okkur eins og við værum að stíga þessi skref í fyrsta sinn. Við leituðum mikið í heimabyggð bæði eftir listamönnum og starfsfólki og stefndum á hófstílltan viðburð með u.þ.b. 50–60 gestum að systur meðtöldum. Þegar auglýsing fór í loftið fóru viðtökurnar hins vegar fram úr okkar björtustu vonum og endaði gestafjöldi í um 100 konum, að systur meðtöldum.

Starfsstúlkur í sal voru dætur, systur og mágkonur klúbbsystur aðrar en þær sem sóttu viðburðinn sem gestir og gáfu allar vinnuna sína þetta kvöld fyrir málefnið.

Mosfellski kvennakórinn Stöllurnar kom og tók nokkur vel valin lög eftir Magnús Eiríksson ásamt því að tækni- og ljósamaðurinn okkar, Bjartur Sigurjónsson, ungur Mosfellingur og félagsmaður í Leikfélagi Mosfellsbæjar steig á stökk og tók nokkur djasslög fyrir gesti.






Tískuverslunin Comma mætti til okkar með glæsilegan fatnað sem systur úr klúbbum sýndu við frábærar undirtektir gesta.

Markmið kvöldsins var að kynna hreyfingu Soroptimista fyrir konum í bæjarfélaginu og afla fjár fyrir 16 daga átakið. Miðaverði var stillt í hóf en innifalið í aðgöngumiða var fordrykkur, tveggja rétta kvöldverður sem heimamaðurinn Arnar Edvardsson matreiðslumeistari eldaði og framreiddi og skemmtidagskrá. Auk þess voru seldir drykkir og happdrættismiðar í fjáröflunarskyni.

Ótal einstaklingar og fyrirtæki lögðu okkur lið með styrkjum og gjöfum til að gera kvöldið sem veglegast og voru fjölmargir happdrættisvinningar dregnir út yfir kvöldið. Óhætt er að segja að fjöldi gesta og dagskrá kvöldsins hafi farið fram úr björtustu vonum systra.

*Jóhanna Valdís Torfadóttir,
Verkefnastjóri Mosfellssveitarklúbbs*





Við sendum ykkur hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir ánægjulegar samverustundir á liðnum árum.


Kærleikskveðjur,
Soroptimistaklúbburinn Við Húnaflóa



Kæru systur og fjölskyldur!
Okkar bestu óskir um gleðiríka jólahátíð og farsæld á nýju ári.
Þökkum samstarfið á árinu.
Hátíðarkveðja frá systurum í Árbæjarklúbbi




*Systur í Soroptimistaklúbbi
Keflavíkur senda bestu
jóla- og nýárskveðjur til
systra og fjölskyldna þeirra
með þökk fyrir ánægjulegar
samverustundir á árinu
sem er að líða.*



Kæru Soroptimistasystur!

*Við Soroptimistar á Akranesi óskum ykkur og fjölskyldum
ykkar gleðilegra jóla, friðar og blessunar á komandi ári.
Þökkum góðar samverustundir á liðnu starfsári og liðinni tíð.*

*Hátíðarkveðjur,
Akranesklúbburinn*



*Kæru systur um land allt
Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja
sendir ykkur bestu jóla og nýárskveðjur.
Þökkum samstarf og samveru á liðnum árum!*



*Kæru systur
Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar
hugheilar jóla og nýárskveðjur.
Meqi nýtt ár færa ykkur öllum gæfju
og gleði
Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar*





GLEÐILEG JÓL

Kæru Soroptimistasystur nær og fjær!

Við sendum ykkur öllum hugheilar hátíðarkveðjur með óskum um friðsæl og gleðileg jól.

Jafnframt óskum við þess að komandi ár verði ykkur gjöfult og hamingjuríkt.

Systur í Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella



Soroptimistaklúbbur Húsavíkur og nágrennis óskar öllum systur sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum fyrir samveru og góðar stundir á árinu sem er að líða.



Kæru systur um land allt!

Við óskum ykkur hamingju og friðar um jólin og á árinu, sem senn gengur í garð.

Þökkum allar góðu samverustundirnar á árinu sem er að líða.

Soroptimistaklúbbur Kópavogs



Hugheilar jóla- og nýárskveðjur til systra um land allt. Hlökkum til að hittast aftur á nýju ári.

Soroptimistaklúbbur Austurlands



Jólakveðja frá Skagafjarðarklúbbi

Kærleiksríka jólakveðju sendum við öllum systur. Með þakklæti fyrir það sem liðið er og með eftirvæntingu þess sem koma skal.

Soroptimistaklúbbur Skagafjarðar



Vinkvennakvöld Soroptimistaklúbbs Keflavíkur og Roðagyllum heiminn á Suðurnesjum

Þann 2. nóvember s.l. hélt Soroptimistaklúbbur Keflavíkur vinkvennabingó, með góðri þátttöku kátra kvenna. Appelsínugult þema var allsráðandi í takt við átakið „Roðagyllum heiminn“.

Kvöldið var vel sótt af klúbbsysturum og vinkonum þeirra. Bingóið tókst vel og var Hulda Björk Stefánsdóttir leikskólastjóri, sérstaklega skemmtileg og röggöm við að stýra því. Berglind Ragnarsdóttir söng fyrir okkur tvö lög og svo kom Orville dansari og sýndi okkur „Afro-Caribbean Dance“ og tók hann nokkrar systur í smákennslustund, við mjög góðar undirtektir. Sigurrós Antonsdóttir formaður velferðaráðs og Sigprúður Guðmundsdóttir verkefnastjóri, sögðu okkur frá velferðarsetri fyrir þolendur ofbeldis, sem er í vinnslu og verður nýtt úrræði fyrir íbúa á Suðurnesjum.

Afrakstur af fjáröflunarkvöldinu rennur til setursins. Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga styrktu samkomuna með láni á sal, vinningum, skemmtiatriðum, veitingum, skreytingum o.fl. Sorptimistaklúbbur Keflavíkur þakkar öllum velunnurum fyrir dýrmæta aðstoð og vegleg framlög.

Klúbburinn hefur beitt sér fyrir því að fyrirtæki og stofnanir á Suðurnesjum roðagylli heiminn með lýsingu á eigin húsnæði og svæðum og er ánægjulegt hversu margir taka þátt.

Kær jólakveðja,

*F.h. Soroptimistaklúbbs Keflavíkur
Bjarnfríður og Steinþóra Eir*





Kæru systur um land allt!

Sendum ykkur og fjölskyldum
ykkar hugheilar jóla- og
nýárskveðjur og óskum ykkur
farsældar á nýju ári.

Þökkum ánægjulegar
samverustundir og fyrir stuðning
ykkar við Sigurhæðir
á liðnum árum.

Hlökkum til að hitta ykkur á
komandi ári.

Systur í Soroptimistaklúbbi
Suðurlands



*Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld
á komandi árum. Þökkum allar góðar systrastundir á liðnum árum.*

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness



*Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness sendir systurum
um land allt bestu jóla- og nýárskveðjur.*

*Þökkum ánægjulega samveru og samstarf
á liðnum árum.*



*Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur óskar
öllum systurum sínum gleðiríkrar og
fríðsællar jólahátíðar, farsældar á nýju
ári og þakkar fyrir samvinnu og góðar
stundir á árinu sem er að líða.*



Fundur sendifultrúa í Bratislava 21.-22. október 2023

Ragnheiður lagði af stað frá Akureyri miðvikudaginn 18. okt. í myrkri, rigningu og roki og fór beint á Hótel Keflavík. Þegar hún ætlaði að fara að tékka sig inn fékk hún póst – ÖLLU flugi aflýst vegna veðurs. Morguninn eftir voru þær Kristín komnar með annað flug á miðnætti á föstudag. Ragnheiður skellti sér upp á Akranes til systur sinnar og Kristín hélt bara áfram að vera í sumarfrí heima hjá sér. Þær flugu beint til Vínar og þaðan með leigubíl á fundinn í Bratislava. Á fundinum voru 44 sendifultrúar auk stjórnarkvenna, starfsmanna og gesta. Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir frá Soroptimistaklúbbi Akureyrar og Kristín Hermannsdóttir frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella voru sendifultrúar Íslands. Auk þeirra fóru Sigrún Þorgeirsdóttir, forseti, og Helga Óladóttir frá Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur.



Fundurinn hófst með því að systur kveiktu á kertum og svo var einnar mínútu þögn fyrir alla sem hafa fallið frá í stríði og öðrum hörmungum.

Dagskrá fundarins var samþykkt sem og eldri fundagerðir. Þar næst opnaði Carolien Demey forseti fundinn og sagðist vera stolt af öllum systur en sorgmædd vegna ástandsins í Ísrael. Fer skýrsla stjórnar á vefinn og hvetur hún okkur til að lesa hana og sjá hvað hópurnir getur gert í sameiningu.

Maureen Maguire alheimsforseti minnti á að nota friðinn til að miðla málum og nota krafta okkar til að bæta heiminn fyrir konur og stúlkur. Saman erum við sterkar systur og þurfum við að horfa til framtíðar, við þörfnumst vonar og megum ekki gleyma að það er rúm fyrir okkur allar.

Farið var yfir fjármál sambandsins, en okkur systur hefur fækkað um 2% frá árinu 2017. Við vorum þá um 34 þúsund en um 30 þúsund árið 2022. Það er mikilvægt fyrir okkur að fá fleiri systur til liðs við okkur til að við höfum nægjanlegt fjármagn til stuðnings og uppbyggingar. Jákvætt er að frá árinu 2022 til 2023 missti Evrópusambandið einungis 37 systur í heildina, svo vonandi er einhver viðsnúningur kominn af stað.

Næst var farið yfir stefnuskrá og reglugerðir, breytingar og tillögur að breytingum sem bárust á meðan á fundinum stóð. Við kusum og kusum og kusum. Farið var yfir boð og bönn og fulltrúi Danmerkur lagði til að ekki ætti að banna klúbbum og landssamböndum að senda inn umsóknir um styrki, þrátt fyrir rangt útfylltar skýrslur eða vanskila á skýrslum, heldur standa frekar saman en að refsa okkur. Stjórnin hafði unnið að þeim málum og leiðrétt það sem hægt var. Það voru miklar og heitar umræður um ýmis mál og því miður ekki allar konur sáttar við niðurstöðurnar.



Mikil umræða var um nýja alheimsmerkið. Tillaga kom um að breyta merki SIE og aðlaga það að alheimsmerkinu. Var kosið um það og eftir talsverðar umræður og kosningar var að endingu ákveðið að stefna að vinnu við nýtt merki næstu ár og að þeirri vinnu skyldi vera lokið fyrir árið 2026.

„By-laws“ voru skoðuð og kosið um breytingar og orðalag, en líka um aldur systra, aðstoðargjaldkera og fleira. Var það allt samþykkt. Skoða þarf þessa texta og breytingar og hvernig þær eiga að vera á íslensku.

„Action fund“ – aðallega var um að ræða breytingar á orðalagi sem allar voru samþykktar.

Ánægjulegt var að fylgjast með þegar Hafdís Karlsdóttir fékk forsetakeðjuna, hún tekur við embættinu um áramótin. Hún flutti glimrandi góða ræðu og sýndi afar fallegt og kröfugt myndband frá Íslandi þegar hún kynnti Ísland sem næsta fundarstað fyrir sendifulltrúafundinn í október 2024.

Sabine Reimann frá Þýskalandi var kosin næsti forseti og Judica Van Riessen frá Hollandi næsti varaforseti. Önnur embætti munu koma fram á vef SIE.

Hátíðarkvöldverður var í fallegum kastala, ljúffengur matur og falleg tónlist þar sem systur sátu og spjölluðu hver við aðra. Á borðunum voru myndir af mismunandi litum legókubbum og fékk hver kona kubb og átti að finna sitt

borð. Þannig blönduðumst við afar vel saman.

Þegar farið var yfir styrki úr „Action fund“ kom einn styrkur til Íslands, til Sigurhæða, 8.000 EUR og fleiri verkefni voru styrkt t.d. fær Litháen styrk til að halda tungumálanámskeið fyrir úkraínskar konur.

Það var hátíðleg stund þegar veittar voru viðurkenningar fyrir verkefni einstakra klúbba eða landssambanda vegna sterkra og góðra verkefna. En til að komast í pottinn og eiga möguleika á viðurkenningu þarf að

skila inn PFR skýrslu. Og er mikilvægt að skila inn skýrslum um allt sem við gerum. Að ganga um borgina í dásamlegu veðri seinnipart sunnudags var afar notalegt og ljúft og svo margt fallegt að sjá, tré, runnar, útivistarsvæði og fólkið í borginni að njóta lífsins með börnunum sínum. Graskerin eru alls konar og ekki eru öll kaffihús stór.

Á leiðinni á flugvöllinn sáum við heilu breiðurnar af vindmyllum, þær voru út um allt. OG við lentum í hægferð á flugvöllinn vegna umferðarslyss og héldum að við værum að missa af fluginu til Amsterdam. Við HLUPUM rosalega hratt en maðurinn á flugvellinum sagði að við værum ekkert seinar og það var rétt. Þriggja tíma seinkun var á fluginu, en svo komumst við heim, glaðar og sáttar.

Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir frá Soroptimistaklúbbi Akureyrar

Kristín Hermannsdóttir frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella





Til vinstri standandi er Elín Albertsdóttir og við hlið hennar stendur Jónína Guðnadóttir, sitjandi eru Gunnhildur Sigurðardóttir og Sigurborg Kristinsdóttir.



Pétrún Pétursdóttir og Gunnhildur Manfreðsdóttir.



Þær Sandra Franks og Edda Jóhannsdóttir mættu í eins jólatreyjum en hlógu bara að því.

Dásemdar samvera í fallegum jólaanda



Hanna Marta Kjeld les upp úr bók sinni á sinn einstaka hátt.

Soroptimistasystur í Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbsi héldu sína árlegu jólagleði mánudaginn 27. nóvember. Að þessu sinni bauð ein systur, Hanna Kristín Guðjónsdóttir, okkur á fallegt heimili sitt í Urriðaholti í Garðabæ.

Systur mættu þrúðbúnar til veislu og gleðin var ekki langt undan. Skálað var fyrir fimmtíu ára afmæli klúbbsins og dýrindis smáréttir léku við bragðlaukana. Meðal rétta var yndislega góð hreindýrasúpa með rjómatoppi, borin fram í bolla. Þá voru síldaréttir, grafinn lax, reyktur silungur með piparrótarsósu á vöfllu, hreindýrapaté á snittu með brenndri fíkju, gæsalifrarfrauð á blini með sýrðum rauðlök og rifsberjum, confit elduð andalæri með granateplum og appelsínugljáa og tvíreyktur kiðlingur með melónu og ferskri piparrót svo eitthvað sé nefnt.

Rúsínan í pylsuendanum var upplestur Hönnu Mörtu Kjeld úr bók sinni Lífshlaup í ljósi og skugga sem kom út fyrir jólin 2021 í miðju Covid-fári. Það var Magnús Valur Pálsson sem skráði. Hanna las kafla frá þeim tíma þegar hún stundaði nám í Hússtjórnarskólanum undir stjórn Helgu Sigurðardóttur sem var strangur kennari auk þess sem allir voru þeraðir á þeim tíma. Það var mikið hlegið enda segir Hanna skemmtilega frá lífi sínu.



Glæsilegt veisluborð.



Lovísa Christiansen og María Lóa Friðjónsdóttir.

Það er ástæða til að benda systur á bókina sem enn er hægt að nálgast í bókabúðum. Einn kafli hennar er til dæmis tileinkaður Soroptimistum en Hanna Marta Kjeld er einn af stofnfélögum klúbbsins í Hafnarfirði og Garðabæ.

Þá má einnig geta þess að Hanna verður níræð núna í desember, sem er ótrúlegt því það er ekki hægt að sjá þann aldur á þessari hressu konu sem er jafnan mikill gleðigjafi í klúbbum.

Elín Albertsdóttir



Systur hlustuðu með athygli á Hönnu lesa upp úr bókinni Lífshlaup í ljósi og skugga.



Sigurborg Kristinsdóttir og Edda Jóhannsdóttir.



Roðagylltur litur var áberandi.

